

Skakka kynjajafnréttið. Karlhatrið: Seinni hluti

Í uppgjörinu um þróun nýliðins áratugar bendir Tom á eftirfarandi:

Um 50.000 þúsund karlmenn hafa týnt lífinu í vinnuslysum. Karlmaður verður fyrir dauðaslysi á tveggja klukkutíma fresti. Um 300.000 karlmenn hafa svipt sig lífi. Karlmaður drepur sig á stundarfjórðungsfresti. Milljónir feðra hafa verið sviptar börnum sínum við spillta dómsstóla, án þess að hafa unnið nokkuð til saka. Um tíu milljónir drengja hafa verið umskornar. Tveir drengir eru limlestir með þessum hætti á hverri mínútu.

Tom beitir hér sömu aðferð og kvenfrelsararnir við framsetningu talna og hlutfalla. Þetta er sérstaklega vinsælt í áróðurdeild Sameinuðu þjóðanna og útibúi þeirra á Íslandi, svo og í ofbeldisiðnaðinum. T.d. segir í fræðslumyndskaiði frá Vinnueftirlitinu, að um þriðjungur kvenna hafi verið kynáréttur. Heimild er ekki gefin upp. Er það ekki makalaust, að þessi stofnun skuli eyða kröftum og fjármunum skattgreiðenda í karlfjandsamlegan kynofbeldisáróður í stað þess að reyna að koma í veg fyrir atvinnuslys karlmannna.

Í fréttum RÚV fyrir skemmstu, á degi, sem Sameinuðu þjóðirnar hafa helgað umskurði ungmeyja, sagði fréttamanneskja frá þessari ósvinnu með andköfum og augun á stilkum. Hún bar SP fyrir skelfilegri limlestingatíðni. En heimildin var ekki skoðuð frekar.

Fréttamanneskjan veit líklega ekki, að það eru konur, sem framkvæma umskurðinn á ungmeyjunum, og um sé að ræða mismunandi gerðir slíks umskurðar. Heldur var ekki minnst á umskurð drengja, sem í tölum mælt er miklu tíðari.

Um svipað leyti fræddi naglalakkssérfræðingur í RÚV okkur um, að litun naglanna endurspeglaði ljóslega kúgun karla á konum. Fréttamennska af ofangreindu tagi og hreinn kvenpíslarvættisáróður dynur á skilningarvitum fólks á hverjum degi.

Hvernig samræmist það stöðugri valdeflingu kvenna að kenna ungmeyjunum, að konur séu píslarvættir og fórnarlömb. Við sáum dæmi um afleiðingarnar í Menntaskólanum við Hamrahlíð nýlega.

Ætli umtalið og frægðin auðveldi meiðingar á körlum? Orð stórstjórnunnar, Sharon Stone (f. 1958), sem er vinsæl fyrirmynd kvenna, eru alla vega umhugsunarverð í þessu tilliti.: „Vald mitt til að meiða karlmenn eykst með aukinni frægð og valdeflingu.“

Illvirki karla gegn konum er þrástefi í fjölmiðlum. Launakúgun er eitt þeirra. Það nýtur óbrigðulla vinsælda, t.d. í verkfalli Eflingar nú, þrátt fyrir að löngu hafi verið sýnt fram á, að misjöfn laun karla og kvenna ráðast í öllum aðalatriðum af vali kvenna sjálfra með tilliti til starfs og vinnutíma. Glerpakið margumrædda settu konur en ekki karlar.

Hvenær ætli komi að því, að konur taki ábyrgð á sjálfum sér og hætti að kenna körlum um eynd sína og volæði. Og það er svo skritið, að þær frelsuðustu tala mest um kúgun og álag.

Samtímis eykst sala á taugalyfjum til kvenna, sérstaklega þó þunglyndislyf. RÚV sýndi raunar um þetta heila píslarvættispáttaröð frá Svíþjóð; „Þetta er okkur um megn.“

Er ekki kominn tími til að endurskoða karlfjandsamlega stjórnarstefnu ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur og hins opinbera á Íslandi, beita almenntri skynsemi og alvöru vísindum?

Hversu mörgum drengjum og körlum skal fórna á altari karlhaturshugmyndafræðinnar? Ætli það hafi verið rætt í ríkisstjórn? Líklega ekki, því Katrín hefur margsinnis lýst yfir, hversu hreykin hún sé af kvenfrelsunar- og karlhatursstefnu Vinstri-grænu hreyfingar sinnar.

Breski kvenfrelsarinn, Julie Bindel (f. 1962), er líka afskaplega hreykin af sjálfri sér og hreyfingunni. Hún orðar það svo: „Líta ber á hatur kvenna á körlum sem kvenfrelsunarviðbragð. Við ættum að vera hreyknar af því.“

Það ber ekki á öðru en Kvenfrelsunarávarp bandaríska sálfræðingsins, Valerie Jean Solanas (1936-1988), sé VG á móta hugleikið og sjálft Kommúnistaávarpið. Hún segir m.a.:

Það „rennur sífelld skýrar upp fyrir þeim [körlum], að hagsmunir kvenna séu þeirra hagar; að þeim sé einungis fært að lifa fyrir tilstuðlan kvennanna; að aukin hvatning til kvenna til að lifa lífi sínu og rætast sem konur, en ekki karlar, geri hann sjálfan lífvænlegri. Þeim er orðið ljóst, að auðveldara sé að lifa fyrir tilstuðlan kvenna, heldur en að hrifsa til sín eiginleika þeirra, ...“

Áður en sjálfvirknin hefur verið innleidd og vélar koma í stað karla „ætti karlinn að gera konunni gagn, þjóna henni til borðs, hlaupa eftir duttlungum hennar, hlýða hverju og einu boði hennar, beygja sig fullkomlega í duftið fyrir henni, ...“

Það er ofur skiljanlegt háttalag í ljósi eftirfarandi: „Á sama hátt og mannverur hafa æðri tilverurétt, heldur en hundar, því þær eru þróaðri og hafa yfirburðavitund, hafa konur æðri tilverurétt heldur en karlar. ...“

Beygi hann sig í duftið með ofangreindum hætti, kynni að vera von, því líf konunnar snýst um að skapa tengsl, láta ljós sitt skína, elska og vera hún sjálf. Líf karlsins snýst um að framleiða sæði. ...

Konan mun, hvort sem henni líkar betur eða verr, taka öll völd í fyllingu tímas, jafnvel þótt væri bara af þeirri einu ástæðu, að hún neyðist til þess – þegar öllu er á botninn hvolft hverfur karlinn af sjónarsviðinu.“

Fyrirsætan og rithöfundurinn Clare Staples, gæti einnig veitt konum og kvenfrelsurum innblástur, bæði í VG og utan: „Það er hollt bæði hundum og körlum, að þeim séu sett mörk – og að þú setjir þau. ... þannig að hvorir tveggju sýni þér virðingu. Vertu ævinlega sjálfsörugg. Það er leynivopnið. Bæði körlum og hundum þykir það aðlaðandi, æskilegt og ómótstæðilegt. Skorti þig sjálfsöryggi, skaltu þykjast hafa það.“

Egypsk/norður-ameríski blaðamaðurinn, Mona Eltahawy (f. 1967) vísar einnig veginn: “Ég bið fólk að hugleiða ... sviðsmynd, þar sem við [konur] myrðum ákveðinn fjölda karlmanna í viku hverri. Hversu mörgum þyrftum við að lóga, þar til feðraveldið sest niður handan borðsins og segir: „Gott og vel, látum gott heita. Hvað getum við gert til að stansa aflífunina?“

Spænski kennarinn, Aurelia Vera, flytur heldur mildari boðskap: „Við þurfum að láta okkur lynda (dabble) úrval [drengra] til geldingar. Ef þú vanaðir son þinn, væri hann ekki fær um að eignast börn. [Aukin heldur] væri honum hlíft við fjölda kynvakastýrðra breytinga, sem hafa í för með sér [aukna] líkamsburði. Þrótturinn kemur úr kynkirtlunum. Svo verða raddir þeirra áfram barnslegar.“

Það er varla tilviljun, að hugmyndir Germaine, Aurelia, Mona, Clare og Valerie endurspeglast að töluverðu leyti í sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og Alheimsefnahagsráðsins (World Economic Forum), sem íslensku kvenfrelsunarríkisstjórninni er umhugað um að fylgja út í ystu æsar.

Mary Daly (1928-2010) var spámannlega vaxin: „Afeitrun jarðarinnar verður að eiga sér stað, eigi líf að þrífast til framtíðar. Ég hygg, að hún verði samhliða þróun, sem hafi í för með sér verulega fækkun karlanna.“

Enn sem komið er deyr fólk og lestast við bólusetningar stjórnvalda fyrir tilstilli Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og auðjöfra innan vébanda Alheimsefnahagsráðsins. Umframdánartíðnin er orðin óhugnanleg og frjósemi skert.

Í sjálfbærnimarkmiðum Alheimsefnahagsráðsins og SP er lögð sérstök áhersla á að veita börnum og konum brautargengi á kostnað karla. En hver veit, nema beitt verði þekkri kvenfrelsunarhugmyndafræði í fólksfækkunarframhaldinu, sbr. tillögu Sarah Jeong (f. 1988):

„Það er engin þörf fyrir herkvaðningu. Við þurfum geldingarhappdrætti fyrir hvíta karla. Mánaðarleg drögum við út afmælisdag, sundurgreinum þá óþörfu og bregðum skærunum á nokkra poka [punga], helst við fjölmenna, opinbera samkomu.“

Umhverfiskvenfrelsarar hafa sérstaklega lengið körlum á hálsi fyrir kjötát, en það eru almæli orðin, að viðrekstur bolanna valdi hamfarahlýnun. Því verður að fækka nautum, fjór- sem tvífættum.

https://www.visir.is/g/20232374776d/er-kynja-fraedi-lykillinn-ad-fjol-breyttara-nams-vali-?fbclid=IwAR03rgWEZMRnTO825_JwTD0j4qtNcl0fg-EYAgEyaESibtKsdkGxQbZgHMu

https://menaregood.substack.com/p/fathers-save-the-human-race?utm_source=substack&utm_medium=email#play

<https://www.youtube.com/watch?v=OFpYj0E-yb4>

<https://avoiceformen.com/author/tomgolden/>

<https://www.youtube.com/user/1menaregood1>

<https://tgolden.com/about/>

<https://menaregood.com/>

https://www.reddit.com/r/MensRights/comments/5tuf3m/why_are_men_so_often_at_the_top_tom_golden_men/

<https://ncfm.org/advisor-board/tom-golden-lcswauthor/>

<https://www.youtube.com/watch?v=0CKgWpkReUA>

https://menaregood.substack.com/p/intro-to-mens-issues?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.reddit.com/r/MensRights/comments/1v3hgw/equality_a_step_down_for_women_tom_golden_men_are/

<https://avoiceformen.com/featured/the-western-butler-and-his-manhood-2/>